



Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3
301 Akranesi

Garðabær, 9.7.2025
Málsnúmer: 202505-0061
MH

Efni: Deiliskipulag fyrir Melahverfi I og II

Vísað er til erindis Hvalfjarðarsveitar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 29. maí 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um nýtt deiliskipulag fyrir Melahverfi I og II. Umsögn þessi byggir á gögnum sem bárust með erindinu, þ.e. greinargerð dags. 2. maí 2025 og skipulagsuppdætti dags. sama dag.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagstillöguna og telur jákvætt að uppbyggingu sé beint að núverandi þéttbýliskjarna í Melahverfi, í samræmi við stefnu aðalskipulags og Landsskipulagsstefnu 2024–2038 um þetta byggð og sjálfbæra þróun. Einnig er það jákvætt að leitast sé við að styrkja innviði og fjölga búsetukostum á svæðinu.

Stofnunin bendir þó á að hluti þeirra lóða sem skilgreindar eru sem óbyggðar eða í uppbyggingu í Melahverfi II virðist, samkvæmt lýsingu og skipulagsuppdætti, að hluta vera á deiglendi eða votlendi, þrátt fyrir að vera framræst. Í greinargerð (kafla 3.1) kemur fram að á svæðinu sé m.a. að finna vistgerðir eins og starungsmýravist, grasengjavist og lyngmóavist á láglandi sem flokkast með hátt eða mjög hátt verndargildi samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar og eru á lista Bernarsamningsins frá árinu 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Við skipulagsgerð og framkvæmdir skal gæta sérstakrar varfærni gagnvart slíkum vistgerðum.

Á tímum loftslagsbreytinga er mikilvægt að dregið sé úr raski á votlendi, enda gegnir það mikilvægu hlutverki í kolefnisbindingu, vatnsbúskap og líffræðilegri fjölbreytni. Því vill stofnunin hvetja Hvalfjarðarsveit til að kanna hvort unnt sé að vega upp á mót raski á blautu landi eða votlendi innan Melahverfis með mótvægisáðgerðum, t.d. með endurheimt votlendis á öðrum svæðum í sveitarfélaginu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur